

## Aðalfundur

---

<b>Dagsetning:</b>	26.04.2017
<b>Tími:</b>	16:00 – 18:00
<b>Staður:</b>	Skipulagsstofnun, Borgartúni
<b>Þátttakendur:</b>	Fulltrúar aðildafélag Vistbyggðarráðs
<b>Fundarstjóri:</b>	Ásdísí Hlökk Theodórsdóttir
<b>Ritari:</b>	Eva Dís Þórðardóttir

---

### 1. Fundarstjóri og fundarritari kjörnir

Þórhildur Fjóra opnaðir fundinn og lagði til að Ásdísí Hlökk Theodórsdóttir forstjóra Skipulagsstofnunar yrði fundarstjóri, var það samþykkt af fundarmönnum. Ásdísí Hlökk lagði til að Eva Dís Þórðardóttir yrði fundarritari, var það einnig samþykkt af fundarmönnum.

### 2. Erindi

Fundurinn hófst með því að flutt voru tvö erindi áður en hefðbundin aðalfundarstörf hófust. Erindin voru eftirfarandi:

- Björn Karlsson forstjóri Mannvirkjastofnunar var með erindi um sjálfbærni og byggingarreglugerð.
- Hafliði Ingason frá Orkusölnunni kynnti verkefnið Rafbraut um Ísland.

### 3. Skýrsla stjórnar

Elín Vignisdóttir formaður VBR kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og fór yfir helstu verkefni sem unnið var að á árinu, m.a. innra starf, kynningarmál, viðburði og samstarf við önnur félög eða stofnanir.

Sjá má kynningu Elínar sem viðhengi við þessa fundargerð.

### 4. Ársreikningur

Andri Þór Arinbjörnsson, gjaldkeri VBR fór yfir ársreikning á blaði. Lækka þurfti hlutfall framkvæmdastýru niður í 50% og var því minni launakostnaður hjá samtökunum. Lítið sem ekkert fékkst af styrkjum þetta starfsárið miðað við árið 2015. Andri benti á að jákvætt væri að tekjur af námskeiðum sem VBR hélt skilaði þó nokkrum tekjum fyrir samtökin. Áskorun næsta starfsárs er að gæta aðhalds í rekstri og skjóta styrkari stöðum undir fjárhagslegan grundvöll samtakanna svo starfsemin megi eflast enn frekar. Skoðunarmenn óskuðu eftir útskýringum á niðurfelldum skuldum. Þórhildur Fjóra benti á að þetta væru skuldir sem rekja mætti til ársins 2011. Einstaka skuld er vegna þátttöku í námskeiðum árið 2016. Stjórn er þeirrar skoðunar að ekki væri hægt að fella niður skuld vegna þátttöku í námskeiðum þar sem það væri keypt þjónusta af VBR. Stjórn sem tekur við mun skoða þetta mál á haustmánuðum. Skoðunarmenn gerðu athugasemd við að hafa fengið reikningana degi fyrir aðalfund. Skoðunarmenn samþykktu reikninga hinsvegar með fyrirara um að geta sent framkvæmdastýru athugasemd í vikunni ef þau teldu tilefni til þess. Ársreikningurinn var samþykktur af fundarmönnum.

## 5. Starfsáætlun 2017-2018

Þórhildur fór yfir starfsáætlun fyrir komandi starfsárs og benti á að hennar mat sé að það þurfi að skerpa betur á markmiðum og hvað það er sem VBR vill standa fyrir.

Að mati Þórhildar Fjólu þarf samtarf að aukast milli aðila þanni er hægt að gera mun meira. Hálf stöðugildi framkvæmdarstýru er ekki nægilegt til að halda úti allri starfsemi, en það er mikill hængur á starfsemi VBR. Þórhildur Fjóla benti á að rekstrarlega séð þarf að tryggja 100% hlutfall framkvæmdastýru. Rekstur félags eins og VBR er 100% stöðugildi. Á árinu verður unnið í því að gera VBR þekktara út á við.

Þórhildur Fjólar sagði frá nýjum samráðsvettvangi sem BREEAM matsmenn hér á landi hafa stofnað. Áætlað er að halda nokkra fundi á ári þar sem matsmenn skiptast á reynslu og ræða um málefni sem snúa að vinnunni við BREEAM.

Aðgerðaráætlun í loftlagsmálum og samtalið við ráðherra sem VBR átti í mars mánuði gaf til kynna að ráðherra óskaði eftir samstarfi við VBR. Þórhildur og ný stjórn mun fylgja þeim fundi eftir og bjóða fram krafta VBR til að ná árangir með þetta mikilvæga málefni.

Sjá má lista af verkefnum sem Þórhildur lagði til í glærum sem eru sem viðhengi við þessa fundargerð.

## 6. Kosning stjórnar

Kjóra þurfti í þrjú sæti í stjórn og óskaði Þórhildur Fjóla formlega eftir framboðum. Öll sæti eru til tveggja ára. Eftirfarandi buðu sig fram sem nýjir stjórnarmenn:

- Kristjana Ósk Jónsdóttir, markaðsstjóri hjá Reitum (2017-2019)
- Ólafur H. Wallevik, prófessor við HR og forstöðumaður við RB (Nýsköpunarmiðstöð Íslands) (2017-2019)
- Örn Erlendsson, verkefnastjóri umhverfismála hjá Framkvæmdsýslunni (2017-2019)

Þeir sem muni sitja áfram í stjórn frá fyrra starfsári eru:

- Hrólfur Karl Cela (Basalt)-(2016-2018)
- Sigríður Magnúsdóttir (Tröð)- (2016-2018)
- Elín Vignisdóttir (Verkís)- (2016-2018)
- Eva Dís Þórðardóttir (Efla)-(2016-2018)

## 7. Lagabreytingar

Breytingartillaga á lögum Vistbyggðarráðs var samþykkt

AÐILD 4. gr. (óbreytt)

„Starfandi íslensk fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög geta orðið aðilar. Þá er geta einstaklingar sótt um stuðningsaðild. Umsókn um aðild skal beina til stjórnar og skal umsóknaraðild afgreidd á stjórnarfundi. Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert.

Stjórn félagsins gerir tillögu að árgjaldi og leggur fyrir aðalfund. Aðilar skipa sér í flokka eftir upphæð árgjalds sem þeir velja af lista og hljóta áhrif í samræmi við þann flokk sem þeir skipa sér í.

Flokkarnir skulu vera 4 talsins og færir lægsta upphæðin aðila í 4. flokk með ekkert atkvæði á aðalfundi, næst lægsta upphæðin í 3. flokk með eitt atkvæði á aðalfundi, næst hæsta upphæðin í 2. flokk með 3 atkvæði og hæsta upphæðin færir aðila í 1. flokk með 5 atkvæði á aðalfundi. Einn og sami fulltrúi fer með öll atkvæði aðilans á fundi. Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn fyrir 1. febrúar ár hvert.“

## BREYTINGARTILLAGA

### AÐILD 4. gr.

Starfandi íslensk fyrirtæki, stofnanir, EINSTAKLINGAR og sveitarfélög geta orðið aðilar. Þá er geta einstaklingar sótt um stuðningsaðild. Umsóknnum um aðild skal beina til stjórnar og skal umsóknaraðild afgreidd á stjórnarfundum. Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert. Stjórn félagsins gerir tillögu að árgjaldi og leggur fyrir aðalfund. Aðilar skipa sér í flokka eftir upphæð árgjalds sem þeir velja af lista og hljóta áhrif í samræmi við þann flokk sem þeir skipa sér í. Flokkarnir skulu vera 4 talsins og færir lægsta upphæðin aðila í 4. flokk með EITT atkvæði á aðalfundi, næst lægsta upphæðin í 3. flokk með TVÖ atkvæði á aðalfundi, næst hæsta upphæðin í 2. flokk með FJÖGUR atkvæði og hæsta upphæðin færir aðila í 1. flokk SEX atkvæði á aðalfundi. Einn og sami fulltrúi fer með öll atkvæði aðilans á fundi. Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn fyrir 1. febrúar ár hvert.

### STJÓRN 6.gr. (óbreytt)

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum auk tveggja varamanna.

Á stofnfundi skulu tveir stjórnarmanna kosnir til eins árs en hinir þrír skulu kosnir til tveggja ára. Annar varamaðurinn skal kosinn til tveggja ára en hinn til eins árs. Framvegis skulu tveir einstaklingar kosnir í stjórn auk varamanns annað hvert ár frá fyrsta aðalfundi eftir stofnfund en þrír skulu kosnir auk varamanns annað hvert ár frá öðrum aðalfundi. Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn. Aðeins fulltrúar þeirra aðildarfélaga sem tilnefndir hafa verið eru kjörgengir til stjórnar félagsins á aðalfundi. Kosning skal vera skrifleg og fer fram á aðalfundi. Það ár sem tveir stjórnarmenn eru í kjöri, skulu þeir tveir frambjóðendur er flest atkvæði hljóta vera aðalmenn en varamaður sá er næstur kemur í röðinni. Það ár sem þrír stjórnarmenn eru í kjöri, skulu þeir þrír frambjóðendur er flest atkvæði hljóta vera aðalmenn en varamaður sá er næstur kemur í röðinni. Falli atkvæði á jöfnu, skal varpa hlutkesti. Eftir aðalfund skiptir stjórnin sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, gjaldkeri og ritari sem jafnframt skal vera varaformaður. Stjórnin stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og kemur fram út á við fyrir hönd þess. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbindura félagið. Stjórn félagsins veitir prókúruumboð fyrir félagið.“

Breytingartillaga:

### STJÓRN

#### 6.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum auk tveggja varamanna.

Á stofnfundi skulu tveir stjórnarmanna kosnir til eins árs en hinir þrír skulu kosnir til tveggja ára. Annar varamaðurinn skal kosinn til tveggja ára en hinn til eins árs. Framvegis skulu tveir einstaklingar kosnir í stjórn auk varamanns annað hvert ár frá fyrsta aðalfundi eftir stofnfund en þrír skulu kosnir auk varamanns annað hvert ár frá öðrum aðalfundi. Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn. Aðeins fulltrúar þeirra aðildarfélaga sem tilnefndir hafa verið og EINSTAKLINGSAÐILAR eru kjörgengir

til stjórnar félagsins á aðalfundi. Kosning skal vera skrifleg og fer fram á aðalfundi. Það ár sem tveir stjórnarmenn eru í kjöri, skulu þeir tveir frambjóðendur er flest atkvæði hljóta vera aðalmenn en varamaður sá er næstur kemur í röðinni. Það ár sem þrír stjórnarmenn eru í kjöri, skulu þeir þrír frambjóðendur er flest atkvæði hljóta vera aðalmenn en varamaður sá er næstur kemur í röðinni. Falli atkvæði á jöfnu, skal varpa hlutkesti. Eftir aðalfund skiptir stjórnin sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, gjaldkeri og ritari sem jafnframt skal vera varaformaður. Stjórnin stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og kemur fram út á við fyrir hönd þess. Stjórnin

skal sjá til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbindura félagið. Stjórn félagsins veitir prókúruumboð fyrir félagið.

Lagabreyting samþykkt af öllum fundarmönnum.

## 8. Skoðunarmenn reikninga

Óskað var eftir að núverandi skoðunarmenn Aldís Norðfjörð, Mannvirkjastofnun og Rúnar Gunnarsson, Reykjavíkurborg héldu áfram, var það samþykkt af fundarmönnum. Þess skal gætt að fyrir næsta aðalfund berist skoðunarmönnum reikningar 14 dögum áður en aðalfundur er.

## 9. Önnur mál

Leiðrétt var að á dagskrálið fundarboðs vantaði aðildagjöld. Liðurinn er því undir önnur málefni. Samþykkt af öllum að halda óbreyttum gjöldum.

Þórhildur Fjóra benti á að nafn VBR væri kannski þess eðlis að það væri eins og stofnun. Bent var á að nafnið var rætt fram og til baka af þeim sem stofnuðu ráðið á sýnum tíma og var þetta niðurstaða þeirra umræðu. Bent á að kannski sé betra að horfa fyrst til stefnumótunar og svo fara í að horfa á nafnið og hvort það standi fyrir því sem VBR vill ná fram. Fundarmenn samþykktu að nýkjörin stjórn muni fjalla um mögulegt nýtt nafn og koma með tillögu á næsta aðalfundi.

Fundi slitið 18:00